



Fjárlög síðustu tveggja ríkisstjórna – hver hefur áherslan verið?

Frá árinu 2017 fram í desember 2021 hækkaði vísitala neysluverðs um 16,3%. Samþykkt rammasett útgjöld¹ í fjárlögum hafa hækkað um 27,2% milli fjárlaga áráanna 2017 og 2022. Útgjöld ríkisins á þennan mælikvarða hafa þannig hækkað um 9,4% umfram almenna verðlagsþróun á þessu tímabili.

Fyrri ráðuneyti Katrínar Jakobsdóttir tók við völdum í lok nóvember 2017 þannig að segja má að það tímabil sem hér er skoðað sé starfstími þeirrar ríkisstjórnar og fyrstu fjárlög annars ráðuneytis Katrínar.

Hvaða málefnaflokkar eru stærstir í dag?

Sjúkrahúsaþjónusta er langstærsti einstaki málefnaflokkurinn í fjárlögum ársins 2022, rúmir 136 ma.kr. Þar á eftir koma málefni aldraðra og síðan málefni tengd örorku og fötluðu fólki. Nú er ekki gefið að flokkunarkerfi eins og þetta gefi bestu mynd af starfsemi ríkisins, en fimm stærstu útgjaldaflokkarnir eru á sviði félags- og heilsumála. Þessir fimm málaflokkar nema samtals rúmum 46% af rammasettum útgjöldum í fjárlögum ársins 2022.


Sjúkrahúsaþjónusta hefur hækkað mest frá 2017

Í krónum talið hefur sjúkrahúsaþjónusta hækkað langmest frá fjárlögum 2017 fram til fjárlaga 2022, um 32,6 ma.kr. Næstmesta hækkunin í krónum hefur farið til málefna tengdra örorku og fötluðu fólki og þar á eftir koma fjölskyldumál og málefni aldraðra. Það er auðvitað ekki gefið að upphafs- og endapunktur samanburðar af þessu tagi séu þeir bestu. En samanburðurinn sýnir að þessir fjórir málaflokkar, sem allir eru á sviði félags- og heilsumála, skýra 41% af aukningu allra rammasettra útgjalda á tímabilinu.

Hlutfallsleg breyting sýnir allt aðra mynd


Eins og áður segir hafa rammasett útgjöld á fjárlögum hækkað um 27,2% milli fjárlaga 2017 og 2022. Af einstökum málefnaflokkum hafa útgjöld til

Stærstu málefnaflokkar í fjárlögum 2022



Heimild: Alþingi, Hagfræðideild Landsbankans

Mesta krónutöluaukning frá 2017



Heimild: Alþingi, Hagfræðideild Landsbankans

¹ Rammasett útgjöld eru öll útgjöld ríkissjóðs nema lífeyrisskuldbindingar, vaxtagjöld og framlög vegna atvinnuleysis. Þróun þeirra ætti að gefa betri mynd af undirliggjandi útgjaldaþróun en heildargjöldin.



nýsköpunar, rannsókna og þekkingargreina hækkað langmest, eða um 106%. Þar á eftir kemur alþjóðleg þróunarsamvinna sem hefur hækkað um 82%. Útgjöld til sveitarfélaga og byggðamála hafa hækkað um 69% og útgjöld æðstu stjórnsýslu hafa hækkað um 65%. Málaflokkar eru auðvitað misstórir þannig að mikil hlutfallsleg aukning þarf ekki að fela í sér mikil útgjöld. Einungis einn þeirra málaflokka af þeim níu sem hafa hækkað mest er meðal þeirra 9 stærstu á fjárlögum, en það eru fjölskyldumál.

Hlutdeild málaflokka í rammasettum útgjöldum


Eins og áður segir eru útgjöld til 5 stærstu málaflokkanna um 46% og útgjöld til þeirra 10 stærstu nema um 70% af heildinni sé miðað við fjárlög ársins 2022.

Hvar liggja áherslurnar?


Þær breytingar sem hér hefur verið farið yfir geta mögulega verið vísbending um áherslur. Fljótt á litið benda þessar tölur til þess að áherslur núverandi stjórnvalda fara ekki endilega saman við alla þá gagnrýni sem umræðan um ríkisútgjöld hefur fram að færa. Sé litið á aukningu í krónum virðast félags- og heilsumál vera í forgangi, en að sumra mati virðist forgangurinn ekki vera nægur. Sé litið á hlutfallslega aukningu virðast nýsköpun, rannsóknir og þróunarsamvinna vera í nokkurri sérstöðu og þá virðist sveitarfélögum og byggðamálum gert hátt undir höfði. Töluverður hluti umræðunnar virðist ganga út á að ekki sé nógu vel að gert á einmitt þessum sviðum.

Útgjöld ríkissjóðs hafa aukist umfram almenna verðlagsþróun á síðustu árum. Til þess að auka framlög á einu sviði þarf væntanlega að halda aftur af öðrum. Það er einmitt þetta sem val stjórnmalanna gengur út á.

Mesta breyting frá fjárlögum 2017



Hlutdeild málaflokka í útgjöldum ríkissjóðs í fjárlögum 2022



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.